- Segja stjórn málamönnum kröftugra til syndanna. Þá myndu fjölmiðlar taka málefnið upp og þannig veður Vegagerðin sýnilegri.

Í meðal lagi

- Með meira fjármagni.
- Með því að setja þá peninga til vegagerða rinnar sem eru eyrna merktir henni.



Sp. 15. Hvernig gæti Vegagerðin orðið sýnilegri?

FÁ MEIRA FJÁRMAGN TIL FRAMKVÆMDA FRH

Fremur sýnileg

- Fá meiri fé svo hún geti unnið verkin sín.
- Fengi meiri fjármuni til framkvæmda.
- Með betri fjármögnun frá ríkissjóði.
- Með auknu fjárframlagi.
- Með því að fá meira fjármagn.
- Með því að hafa meiri fjármuni úr aðspila.
- Vegagerðin þyrfti meira fjármagn til að standa undir væntingum. Hún stendur sig vel að mínu mati miðað við þann ramma sem henni er skammtaður.
- Væri betri ef hún væri ekki í fjársvelli.

GEFA MEIRI UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDIR/AUGLÝSA BETUR/PR VINNA

Mjög ósýnileg

- Forstjórinn komi í viðtöl og kynni áætlanir til dæmis á net smellum.
- Í veðurfréttum kannski.

Fremur ósýnileg

- Auglýsa í helstu miðlum.
- Auglýsa meira í sjónvarpi.
- Auka sýnileika á því hvað gjöldin sem neytendur greiða til Vegagerða rinnar fara í.
- Gefa reglulega upplýsingar um hvaða verkefni eru í gangi og svo framvegis.
- Gæti auglýst sig betur og haft skilti með merkjum frá sér.
- Hún gæti verið sýnilegri í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Tekið frumkvæði að því að segja frá úrbótum og því sem fyrri rhugað er að gera til úrbóta.
- Koma með tilkynningar.
- Með því að upplýsa almenning betur um hvaða framkvæmdir eru í gangi.
- Segja stjórn málamönnum kröftugra til syndanna. Þá myndu fjölmiðlar taka málefnið upp og þannig verður Vegagerðin sýnilegri.

Í meðallagi

- Auglýsa appið og heimasíðuna. Tilkynna fyrri rhugaðar framkvæmdir og tímaáætlun þeirra ásamt hjáleikum.

- Auglýsa meira.
- Auglýsa vegafamkvæmdir betur.
- Koma sér í fréttir, láta vita af fjárþörf og í hvað.
- Láta vita fyrir af framkvæmdum.
- Með aðgegnilegu appi.
- Með auglýsingum á netmiðlum í hverju bæjarfélagi.
- Með betra logo.
- Með útgáfu blaða þar sem almenningur er upplýstur um helstu verkefni og áætlanir.
- Með því að halda vísindaferðir fyrir Háskólann á Akureyri.
- Með því að koma meira í umræðuna hvað megi og þurfi að fara betur í vega málum og öryggi.
- Meiri kynning.
- Samfélagsmiðlar.
- Þeir ættu að byrja á því að skipta út þeim sem veitir upplýsingar til fjölmiðla.

Fremur sýnileg

- App.
- Facebook auglýsingar.
- Fleiri fræðsluþætti í sjónvarpi.
- Frétta tilkynningar.
- Kynna betur framkvæmdir - þær eru bara alltof fáar og ekki þeim að kenna heldur ráðamönnum.
- Markvissari í að koma áherslum sínum á framfæri, forgangsröðun og skipulag uppbyggingar í framtíðinni.
- Með því að minna á sig.
- Með því að upplýsa almenning betur um hvað vegagerð við einstök verkefni kostar og einnig í hvað fjármagn fari. Mér finnst líklegt að þegar kvartað er yfir að vegagerð sé ekki sem skyldi átti fólk sig kannski ekki alltaf á þessum þáttum.
- Nota samfélagsmiðla.
- Samskiptamiðlar.
- Vega málastjóri ætti að vekja athygli á upplýsingum er varða almannahag. Það getur hann gert með því að fá viðtal hjá fjölmiðlum oþh. Hann þarf að þora að setja fram upplýsingar sem stjórn málamenn eru ekki endilega hrifnir af svo sem um hættulegustu vegakafala landsins. Einnig þarf hann að tjá sig um málefni er hafa áhrif á umferð svo sem



Sp. 15. Hvernig gæti Vegagerðin orðið sýnilegri?

GEFA MEIRI UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDIR/AUGLÝSA BETUR/PR VINNA FRH

- Veita almenningi aðgang að upplýsingum um heildartekjur per ár - 2016 - og hvernig þeim var varið, þ.e. upptalning til hvaða verkefna þær fóru. Fyrir 2017 - heildartekjur og áætlun um til hvaða verkefna þeim verði varið.
- Veita meiri upplýsingar opinberlega, í fjölmiðlum, ekki bara á netinu. Taka t.d. hreinskiptari umræðu um stöðu Landeyjahafnar og framtíðarsýn.
- Virkari Facebook síðu.

ÞARF EKKI AÐ VERA SÝNILEGRI

Fremur ósýnileg

- Ekki viss um að hún þurfi að vera sýnilegri.
- Held að vegagerðin þurfi ekki að vera sýnileg svo lengi sem vinnan er unnin.
- Held hún þurfi ekki að vera sýnilegri.
- Þarf ekki að vera sýnilegri mín vegna.
- Þarf hún að vera sýnilegri? Bara gera sína vinnu vel.

Í meðallagi

- Engin ástæða til að hún sé sýnileg.
- Ég sé ekki að Vegagerðin þurfi að vera meira sýnileg en hún er nú þegar.
- Hún á ekki að vera sýnileg, hún á að þjónusta og viðhalda vegakerfinu.
- Hún þarf ekkert að verða sýnilegri.
- Þarf ekki að vera sýnilegri - bara að sjá um að halda vegunum góðum og færum.
- Þarf Vegagerðin að vera sýnilegri? Ef þú stendur þig vel í því sem að þú ert að gera getur þú verið maðurinn á bakvið tjöldin. Sinnir þínu starfi afalúð og gerir það vel, án þessa að fólk verði vart við það.
- Þetta er í lagi eins og það er held ég, fer ekki mik þessa daga og mánuði.

Fremur sýnileg

- Hún gæti það ekki. Við öllum jó alla daga á vegum. Hitt er svo annað mál að vegagerðin er oft en ekki í vörn á samfélagsmiðlum. Það sem mér finnst vanta er að segja frá því sem vel er gert, en það er ekki inn hjá fjölmiðlum að vera með já kvæðar fréttir.
- Hún þarf þess ekki.


- Til hvers meira sýnileg? Þeir reyna að vinna sína vinnu eins og hægt er, veita að fjármagn til viðhalds er ekki nógu mikið, það er ekki starfsmönnum hjá Vegagerðinni að kennda.

ANNAÐ

- Veit ekki (26).
- Ekki hugmynd (2).
- Hef ekki skoðun (2).
- C?
- Ekki gott að segja.
- Ekki viss.
- Ég er ekki sérfróður á þessu sviði, líklega er best fyrir Vegagerðina að ræða við sérfræðing í sýnileika.
- Hef ekki hugmynd um hvernig Vegagerðin á að vera sýnilegri.
- Hef ekki hugmynd, væntanlega ekki með auglýsingaherferð. Þetta er Vegagerðin.
- Hef ekki hugmynd.
- Helga vegi betur.
- Meðan orðspor Vegagerðarinnar er ekki betra en þetta er best fyrir þá að vera ósýnilega.
- Mætti vera á byrgðarfyllri.
- Nú bara veit ég ekki.
- Sjálflysandi.
- Sýndi verkefninu á huga.
- Vegagerðin gæti orðið sýnilegri með því að vera sameinuð öðrum stofnunum þar sem að fólk sækir sér daglega þjónustu sem neytendur.
- Veit ekki, ég er ekki menntuð í markaðssetningu.
- Veit það ekki.
- Við búum á svo litlu landi að það ætti ekki að vera neitt mál að vegir landsins væru allir 100%.
- Það snýr að uppbyggingu á Landeyjahöfn.
- Þetta er bjánaleg spurning.



Sp. 16. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?




Meðaltal	3,10
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,07
Staðalfrávik	0,93
Meðaltal maskína	3,45
Meðaltal - Stofnanir maskína	3,43



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög örugg(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög óörugg(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.



Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjómumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.



Ekki er marktækur munur á meðaltali frá 2016 til 2017 ára skv. t-prófi.



Sp. 16. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?





Sp. 16. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?

	Gild svör		Í meðallagi		Öörugg(ur)	Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	Örugg(ur) %	%	Öörugg(ur) %		
Allir	728	38,0	35,2	26,8	3,10	-0,09
Kyn						
Karl	384	39,1	36,7	24,2	3,15	-0,20
Kona	343	37,0	33,5	29,4	3,06	0,03
Aldur*						
18-29 ára	165	55,2	23,0	21,8	3,35	-0,07
30-39 ára	130	36,9	34,6	28,5	3,11	-0,12
40-49 ára	132	30,3	39,4	30,3	2,97	-0,05
50-59 ára	145	26,2	43,4	30,3	2,93	-0,16
60 ára og eldri	157	38,2	36,9	24,8	3,12	-0,01
Búseta						
Reykjavík	276	37,0	35,1	27,9	3,08	-0,22
Nágr.sveitarfélög Rvk.	183	39,9	35,5	24,6	3,14	-0,01
Önnur sveitarfélög	269	37,9	34,9	27,1	3,10	0,01
Kjördæmi*						
Reykjavík-Norður	148	41,9	29,7	28,4	3,17	-0,05
Reykjavík-Suður	128	31,3	41,4	27,3	2,98	-0,42
Suðvestur	183	39,9	35,5	24,6	3,14	-0,01
Norðvestur	67	40,3	26,9	32,8	3,01	-0,19
Norðaustur	101	43,6	40,6	15,8	3,31	0,12
Suður	101	30,7	34,7	34,7	2,96	0,06

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 16. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?


Breyting frá fyrri mælingu

	Gild svör		Í meðallagi	Neikvæð(ur)		
	Fjöldi	%				
Allir	728	38,0	35,2	26,8	3,10	-0,09
Fjölskyldutekjur						
Læгри en 400 þúsund	141	44,0	29,1	27,0	3,15	-0,12
400-549 þúsund	104	40,4	36,5	23,1	3,21	-0,03
550-799 þúsund	128	43,0	28,9	28,1	3,13	-0,19
800 þúsund eða hærr	264	32,6	36,7	30,7	3,01	-0,06
Menntun						
Grunnskólapróf	123	35,0	39,8	25,2	3,07	-0,06
Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun	267	39,7	33,7	26,6	3,13	-0,09
Háskólapróf	311	38,9	33,8	27,3	3,11	-0,08
Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?*						
Jákvæð(ur)	266	55,3	27,4	17,3	3,44	0,06
Í meðallagi	309	33,3	41,4	25,2	3,05	-0,00
Neikvæð(ur)	147	17,0	35,4	47,6	2,60	-0,17

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 17. Myndir þú segja að hjá Vegagerðinni væri fagmennska almennt mikil eða lítil?




Meðaltal 3,34
 Vikmörk á meðaltalið +/-0,06
 Staðalfrávik 0,80



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög mikil“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög lítil“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjömumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.



Ekki er marktækur munur á meðaltali milli 2016 og 2017 skv. t-prófi.

FAGMENNSKA VEGAGERÐARINNAR














Sp. 17. Myndir þú segja að hjá Vegagerðinni væri fagmennska almennt mikil eða lítil?

	Gild svör	Mikil	Í meðallagi	Lítill		Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%		
Allir	695	41,4	47,5	11,1	3,34	-0,06
Kyn						
Karl	376	44,1	44,4	11,4	3,37	-0,13
Kona	320	38,1	50,9	10,9	3,30	0,01
Aldur						
18-29 ára	156	45,5	48,7	5,8	3,44	0,01
30-39 ára	128	40,6	49,2	10,2	3,35	-0,15
40-49 ára	126	32,5	54,0	13,5	3,20	-0,05
50-59 ára	134	40,3	45,5	14,2	3,31	-0,04
60 ára og eldri	151	45,7	41,1	13,2	3,36	-0,08
Búseta*						
Reykjavík	259	42,5	48,3	9,3	3,39	-0,13
Nágr.sveitarfélög Rvk.	175	50,9	40,0	9,1	3,46	0,12
Önnur sveitarfélög	262	34,0	51,5	14,5	3,21	-0,10
Kjördæmi*						
Reykjavík-Norður	137	43,8	46,7	9,5	3,42	-0,06
Reykjavík-Suður	123	40,7	50,4	8,9	3,35	-0,21
Suðvestur	175	50,9	40,0	9,1	3,46	0,12
Norðvestur	67	34,3	44,8	20,9	3,15	-0,12
Norðaustur	99	44,4	51,5	4,0	3,45	0,02
Suður	96	22,9	56,3	20,8	3,00	-0,17

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 17. Myndir þú segja að hjá Vegagerðinni væri fagmennska almennt mikil eða lítil?

	Gild svör	Mikil	Í meðallagi	Lítill		Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%		
Allir	695	41,4	47,5	11,1	 3,34	-0,06
Fjölskyldutekjur						
Lægri en 400 þúsund	136	40,4	47,1	12,5	 3,28	-0,16
400-549 þúsund	99	43,4	45,5	11,1	 3,37	0,18
550-799 þúsund	122	40,2	45,1	14,8	 3,28	-0,15
800 þúsund eða hærrí	258	40,7	51,2	8,1	 3,38	-0,03
Menntun*						
Grunnskólapróf	114	29,8	56,1	14,0	 3,17	-0,22
Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun	261	45,2	44,1	10,7	 3,38	0,13
Háskólapróf	294	42,9	47,6	9,5	 3,38	-0,13
Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?*						
Jákvæð(ur)	258	70,2	28,3	1,6	 3,81	0,11
Í meðallagi	294	31,6	61,6	6,8	 3,26	0,10
Neikvæð(ur)	139	9,4	53,2	37,4	 2,64	-0,06

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

Þeir sem sögðu fagmennsku Vegagerðarinnar vera mjög litla, fremur litla, í meðallagi eða fremur mikla (sp. 17) fengu þessa spurningu.

AUKING FJÁRFRAMLÖG

Mjög lítil

- Hærra kaup.
- Með meira fjármagni frá ríkinu og fleira starfsfólki sem fær að vinna vinnuna sína ekki bara í dagvinnu.

Fremur lítil

- Með auknu fjármagni.
- Með fjármagni.
- Þeim vantar pening.

Í meðallagi

- Auka fjármagn.
- Auka fjármagn til vegagerðarinnar.
- Gera kröfu um aukið fjármagn til vegagerðar, ljúka hverju verki sem byrjað er á og ekki taka stutta vegaspotta eins og tíðkast.
- Hún þarf meiri pening.
- Með auknu fjármagni og minni afskiptum pólitíkusa að verkefnavali.
- Með auknu fjármagni.
- Með meira fjármagni og þannig ráðningu framsýns viturs fagfólks.
- Með meiri fjármagni.
- Með því að láta hana hafa það fjármagn sem á að fara til samgöngubóta.
- Meiri peningar.
- Veita meira fé til þeirra.
- Þarf að setja meiri pening í málaflokkinn.
- Þeim vantar fjármagn, þetta er þeirra helsta vandamálið.

Fremur mikil

- Auka fjármagn til málaflokksins.
- Auka fjármagn til vegamála.
- Auka fjárveitingar til góðra verka.
- Auka fjárveitingu til hennar.
- Aukið fjárframlag.

Fremur mikil frh

- Aukin mönnun og aukið fjármagn.
- Bara spurning um peninga.
- Borga betur.
- Ég held að það þurfi fyrst og fremst að auka fjárheimildir Vegagerðarinnar.
- Fyrst og fremst með auknu fjármagni þannig að hægt verði að standa almennilega að vegagerð þar sem umferð er mest fremur en að fjármunum sé ráðstafað til þess að stytta vegalengdir á fremur fáförnum leiðum, sé miðað við suð-vesturhorn Íslands, sem hefur verið svelt á liðnum 20 árum.
- Hún þarf meiri pening frá ríkinu.
- Hærrí fjárveitingar.
- Með aukinni fjárúthlutun.
- Með auknu fjárframlagi.
- Með auknu fjármagni.
- Með auknu fjármagni til Vegagerðarinnar.
- Með auknu fjárframlögum.
- Með auknu útgjöldum til vegagerðar.
- Með meira fjármagni til framkvæmda.
- Með meira framlagi.
- Með meiri pening.
- Með því að hætta að fjárfrelta stofnunina og sjá til að hún fái þann hluta skattanna sem henni ber.
- Meira fjármagn.
- Meiri pening fyrir framkvæmdir.
- Skafta frekara fjármagn, peninga.
- Stjórnvöld þurfa að leggja meiri pening til vegamála, sérstaklega eftir fjölgun ferðamanna.
- Vegagerðina vantar einfaldlega að fá það fjármagn sem ríkið rukkar inn fyrir hana.
- Veita meira fé til hennar.
- Veita meira fjármagn.
- Veita Vegagerðinni hærra fjárframlag.
- Það er ekkert við fagmennsku Vegagerðarinnar að sakast. Vegagerðina vantar bara meira fjármagn frá ríkinu.
- Það eru fagmenn í hverju rúmi. Vantar að koma þeirri miklu fagvinnu á framfæri við almenning. Því miður geta þeir ekki gert meira en fjárveiting er hverju sinni.



Sp. 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

BREYTINGARÁ VEGUM EÐA VEGKERFI

Mjög lítil

- Miðaða vegagerð við tvær kreinar á þjóðvegum Landsins með góðu bili á milli svo menn séu ekki að skella saman úr sitt hvorri áttinni í hálfu. Veghalli sumstaðar fátílegur, sumir vegir ganga í bylgjum þannig að bílar hverfa í lögðum og birtast svo skynðilega. Notað betri efni í vegina, strax komin hjólför í nýja vegi sem fyllast af vatni og þar af leiðandi miðkilli hálfu, strax komnar holur í nýmalbik. Vegagerðin ætti etvað eiga tækni sjálfrekar en að bjóða út þar sem alltaf er verið að horfa á hagnað í krónum þannig að verktakinn geri allt eins ódýrt og hægt er.
- Notað alvöru efni í malbikið.

Fremur lítil

- Breikka vegi og bæta vegriðum á hættulega vegkafla. Útrýma einbreiðum brým.
- Hætta tilraunastarfsemi á þjóðvegum Landsins. Notað varanlegra, slitsterkara efni í malbik. Notað evrópska staðla við vegagerð. Þegar hönnuð eru mismög gatnamót (samanber Krísvík/Keflavíkurvegur) að minnka umfangið, s.s. ekki dreifa svona að óþörfu slaufum mörg hundruð metra. Heildarbreidd gatnamóta eru um hálfur kílómetri. Stærð mismög gatnamóta er á við hálf íbúðarhverfi að stærð. Þetta er náttúrulega bilun. Vegagerðin þarf að hanna gatnakerfið miðað við að í umferðinni eru ekki eingöngu bifreiðar, heldur einnig gangandi, reiðhjól og bifhjól. Og hvað er að frétta af því að settar séu hátt í 4 milljarðar í veginnan íðnaðar- og hafnarsvæðis sem er lokaður almenningi? Er einhver 2007 bilun í gangi innan vegagerða rinnar?
- Laga Herjólfsmál.

Í meðallagi

- Breikka vegi t.d. leiðin að Flúðum og fleiri.
- Breikka þjóðvegi Íslands í samræmi við önnur Norðurlönd, hækka hraðann á sumrin í 100 km/h og á veturna í 80 km/h.
- Laga ónýta vegi.
- Tvöfalda hringveginn.
- Vegirnir of mjóir og fá útskot.
- Þykka malbik, slitminna og sterkara.
- Þykkja bundna slitlagið sem er tvöfalt til þrefalt þykkara í mörgum öðrum Evrópulöndum. Fá fagmenn erlendis frá til að læra af og hafa umsjón með framkvæmdum og skipulagi.

Fremur mikil

- Hafa betri götur í bænum.

VANDAÐRI VINNUBRÖGD/BETRA SKIPULAG

Mjög lítil

- Í gerð vegaxla og gatnamóta á hringvegnum og við fjölfarin gatnamót. Hef oft á tilfinningunni að allur þessi þarnaður sé keyptur dýru og margir vegir víða stórhættulegir, bílar hreyfast eins og bátar á sjó, og verst er þegar komið er um 100 km frá höfuðborginni. Þið eigið að ath. hvað það eru margir bílstjórar sem eru óhæfir til að aka um á íslensku vegakerfi.
- Vinna sína vinnu vel, endalausa klúðrið með Landeyjarhöfn og Herjólf segir allt sem þarf að segja. Þarf að draga einhverni til ábyrgðar þarna, láta hafa fjúka svo menn skilji klúðrið á eigin skinni.

Fremur lítil

- Að menn legðu sig fram en eru ekki áskrifendur að launum sínum.
- Gera hlutina almennilega, hvort sem um er að ræða viðhald vegna, mokstur á fjölförnum þjóðvegum að vetri til eða strætósamgöngur.
- Með staðnlausri vinnu við vegi landsins. Að það sé metnaður til að halda öryggi vegfarna eins öruggum og kostur er þar sem umferð um allt land hefur þungst og tvöfalda á undanföllum árum.
- Með því að byggja vegi landsins þannig upp að þeir þungi flutninga. Væru þá ekki allir í hófum og hæðum, ósléttir og niður traðkaðir.
- Með því að gera almennilega við vegi ekki alltaf bráðabirgða lausnir.
- Með því að nota eðlilegt vit og vera ekki samansafn fyrir verkfræðinga sem enginn annar vill nota.
- Meira skipulag við framkvæmdir t.d. tímasetningar og merkingar.
- Notað almennileg efni og öryggisbúnað.



Sp. 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

VANDAÐRI VINNUBRÖGÐ/BETRA SKIPULAG FRH

- T.d. tala saman. Við höfum tvö sumur í röð horft upp á verktaka vinna ofan í hvern annann. Bundið slitlag lagt yfir sólarhrings gamla línumálum.
- Vanda vinnu þar sem vegaf framkvæmdir fara fram. Auka upplýsingaflæði. Upplýsa um tíma áætlanir og hjáleidir. Bæta merkingar, fjölga merkingum og hafa þær með nægilegum fyrri vara þannig að öllum menntum geti gert ráðstafanir og komið verði í veg fyrir tafir.

Í meðallagi

- Betra efnisval.
- Gera betur.
- Hugsa betur um náttúruvernd við vegagerð.
- Hætta að stela peningum frá henni og setja í önnur verkefni.
- Hætta að svara með skeyting og svörum um að það sé ekki til peningar. Láta skattfé í vegagerð sem kemur inn með bensínverði.
- Kaupa sterkara og endingarbætra malbik.
- Markvissari í útboðum.
- Með framsýni í nauðsynlegar aðgerðir.
- Með því að finna út betri efni fyrir vegina svo það koma ekki holur fljótt aftur.
- Með því að hriða betur um vegi og samgöngulóðir.
- Meira gegnsæi.
- Mætti taka sig verulega á í umhverfismálum og þá ekki að hugsa um flokkun á sorpi innan stofnunarinnar heldur hvar þeir leggja vegg í íslenski náttúru, þar er á stundum farið fram af fullkominn óbilgirnir sbr. t.d. Teigsskóg, Gilsfjörð o.s.frv.
- Nota betri efni, varanlegri aðgerðir í viðhaldi.
- Nýta fé skattborgara betur.
- Reynum að hætta að vera í plástrum og reynum að leggja varanlegri vegi sem mynda ekki rákir sem þarf að fræsa o.s.frv.
- Skapa meiri metnað meðal starfsmanna.
- Taka tillit til íbúa út á landi.
- Vanda sig betur og nota efni sem endast.
- Vera sýnilegri og nota réttu efni í malbikanir vega.
- Væri gott ef hún færi að sinna þeim verkum sem henni ber skylda til, t.d. að hefja alla þá vegi heim að lögbýlum sem þeim ber að gera, ekki bara suma vegparta í sveitum og sleppa svo öðrum.

Fremur mikil

- Greina betur mikilvægi verkefna fyrir almanna heill og forgangsraða betur. Sniðganga pólitískan þrýsting á einstök landsbyggðarverkefni.
- Hafa bæta eftirlit með framkvæmdaraðilum, t.d. að ekki sé illa blandað malbik (of mikil olía notuð) eða ekki vandað til verka við undirlag (vegurinn skemmist fljótt aftur, hallar eða holóttur).
- Með bæta efnisvali.
- Meira eftirlit.
- Ráða vel menntað fagfólk og borga sanngjörn laun.

BÆTA MERKINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

Fremur lítil

- Með betri merkingum, blöskraði að sjá til dæmis bannmerkingu um vinstri beygju að Bússtaðarveg smátt letur og ekki á ensku.
- Með því að nota meira af viðvörunarskiltum á lengri köflum en það er og nota meira að upplýsingaskiltum um áðrar leiðir á lengri köflum. Þetta var miklu fagmannlegra fyrir nokkrum árum síðar.
- Setja sig í spor öllumanna, sérstaklega það sem vegavinna fer fram og viðvörunarskilti skyggja á komandi ökutæki.

Í meðallagi

- Betra upplýsingastreymi. T.d. um framkvæmdir stórar sem litlar.
- Betri merkingar við framkvæmdir.
- Bæta merkingar, fyrir vinnu, á meðan á vinnu stendur og eftir vinnu (mála strax).
- Oft er mjög illa staðið að viðvörunarmerkingum við vegaf framkvæmdir. Vegagerðin þar að auka kröfur til verktaka um merkingar. Einnig bæta öryggismenningu þar sem starfsmenn við vegaf framkvæmdir standa stundum alltof nálægt umferð til dæmis við malbikun.

Fremur mikil

- Betri merkingar á framkvæmdum. Mun betur að þessu staðið erlendis.



Sp. 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

BÆTA MERKINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF FRH

- Bæta merkingar við vegaförum. Oft eru skilti bara sitt hvoru megin við vinnuflokkinn. Það þarf að vera við slíka a.m.k. 1000 metrum áður og helst lengra frá. Það er mjög ríkja ndi "þetta reddast" hugsunarhátturinn, sem er reyndar stundum viðeigandi, en ekki í þessum tilfellum.
- Með markvissari merkingum á hættulegum stöðum sem og merkingar við vegaförum, hafa lengri fyrirvara á viðvörðunum.
- Vinna reglulega upplýsingar er varða gæði vegakerfisins m.t.t. umferðar og setja fram fyrir sjónir almennings gegnum vefmiðla og fjölmiðla.

LEITA UPPLÝSINGA ERLENDIS FRÁ/AUKIN KENNSLA OG ÞEKKING

Mjög lítil

- Með því að læra af öðrum þjóðum.

Fremur lítil

- Kynna sér hvernig gert er erlendis.
- Það er of mikið af ævi ráðnum mannskap á toppnum. Laga það og hafa samráð við stafrsmenn vegagerðar í Þýskalandi.
- Vinna eftir nýjustu þekkingu og tækni.

Í meðallagi

- Fylgja alþjóðlegum stöðlum.
- Hætta að vera alltaf að finna upp hjólið og miða hönnun umferðarmannvirkja út frá reynslu og rannsóknunum í öðrum löndum. Þó gæti mögulega þurft að aðlaga einhverja mannvirki að Íslenskum aðstæðum, en það þarf samt ekki alltaf að vera svoleiðis.
- Með því að kynna sér betur vegalagningu í löndunum í kringum okkur til að byggja upp betri og endingarbetri vegi.
- Með því að mennta þá betur í umhverfisfræðum.
- Meiri fræðsla og menntun.

Fremur mikil

- Hafa betri vegvísu um landið. Meira í ætt við það sem sést erlendis.
- Hafa fleiri reynslubolta í störfum deildarstjóra.
- Með því að framkvæma meira og halda starfsfólki m.a. þannig í þjálfun annars er fagmennskan frekar mikil.

FÁ SÉRFRÆÐNGA TIL AÐ META ÞÖRF/EKKI HLUSTA Á PÓLÍTIKUSA

Mjög lítil

- Með því að verkfræðingar séu faglærðir í uppbyggingu vegna og eins að það sé lært hjá þeim sem hafa mesta og besta reynslu af því að byggja upp vegi. Það vantar að menn læri af þeirri vitleysu, sem þeir eru að gera ár eftir ár, þegar vegir eru rykbundnir, með efni, sem er blanda af hörpuðu og leir og svo bleytt með rykbindiefninu, sem svo aftur veldur öllum þeim holum sem myndast í rigningum, en þetta er það, sem gerir vegina eins og þeir voru fyrir 50 árum. Síðan er sá leiðinlegi ávani að sá í vegkanta, sem aftur myndar óþolandi gróður, af punkti, skógarkerfli eða bara grasi, sem myndar snjó á veitrum og búfénaður leitar í á sumrin. Þar verða líka grasþembur sem eru hærri en veginir sjálfir. Þetta er ekki gert í þeim löndum sem vilja halda þessu í lágmarki og spara slátt á vegköntum. Það er svo yfirdrifinn fjöldi verkefna, sem mætti auka í starfi þeirra og miðast að bættu vegakerfi, hvort heldur er í þéttbýli eða dreifbýli. Það á ekki að láta suma sitja við illa hirta vegi, á meðan er hamast við að þóknast hinum. Við borgum líka í sköttum til vegaviðhalds.

Fremur lítil

- Fara að lögum og reyna ekki að pína í gegn og vinna aðeins í leiðum vegna pólitísks þrýstings, hunsu þannig umhverfismót og dómsúrskurði.
- Hafa samband við og hlusta á heimamenn þegar framkvæmdir eiga sér stað eða breytingar. Þá sem þekkja aðstæður og keyra vegina daglega.
- Hlusta á almenning og heimamenn.
- Hlusta á alit heimamanna.
- Með því að hlusta á fólk sem býr á svæðinu, ekki taka á kvarðanir upp á eigin spýtur án samráðs við þá (þau) sem nota viðkomandi þjóðveg (ferju).
- Með því að hlusta á notendur þjóðnustunnar.



Sp. 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

Í meðallagi

- Fá leiðsögn frá heimamönnum.
- Hlusta á heimamenn við hönnun vegna.
- Hlusta á utanaðkomandi aðila.
- Með betri samvinnu við menn sem þekkja staðarhætti og veðurfar.
- Með víðtækara samráði við almenning og þá aðila sem hafa með land að gera.
- Nálgast málefni út frá þeim einstaklingum sem nota þjónustuna.
- Nýta betur staðþekkingu kunngra heimamanna.

Fremur mikil

- Að þeir sem best þekkja til aðstæðna á hverjum stað framkvæmi verkið.
- Hlusta á fólk.
- Með beiðni upplýsingamiðlun frá sérfræðingum Vegagerðarinnar.

ANNAÐ


- Veit ekki (17).
- Veit það ekki (2).
- Enginn.
- Erfitt að segja.
- Erfitt að svara.
- Ég hef ekki þekkingu á því.
- Ég hefði viljað merkja við veit ekki.
- Ég veit ekki hvað fellur undir vegagerðina og hvað ríkið.
- Ég ætlaði að segja skipta um fólk í brúnni, en svo veit maður ekki þeir fá ekkert fjármagn.
- G. Pétur er ekki maður sem veitir fullnægjandi svör þegar fráttamenn leita svara hjá honum.
- Hef ekki nægilega þekkingu á hvernig vegagerðin vinnur.
- Hef ekki þekkingu til að svara.
- Held að Vegagerðin þyrfti að nútímavæðast, of gamaldags stofnun.
- Held fagmennskan þyrfti að vera aukin hjá þeim sem ráða yfir fjármunum frekar, þ.e. samgönguráðuneyti og Alþingi.
- Hvað veit ég um það? Og af hverju ættu ríkisfyrirtæki að vilja vera 'sýnileg'? Notið peninginn frekar í annað.
- Hvernig í andskotunum ætti ég að vita það?

- Já örugglega, engin tillaga samt.
- Konur í forystu.
- Meira samráð við ferðaþjónustufyrirtækin og atvinnubílastjóra.
- Mér finnst fagmennskan vera fín og ekki þurfa að auka hana.
- Ræðið það við yfirmenn.
- Sérfræðingar í fagmennsku kunna svoleiðis.
- Skipta út stjórn.
- Skipta út.
- Til að vita það þá þarf ég töluverða þekkingu á Vegagerðinni og öðru sambærilegu fyrirtæki sem ég hef ekki. Því get ég ekki sagt til um hvernig hægt er að auka fagmennsku Vegagerðarinnar.
- Veit ekki þekki ekki til.
- Vinna á nóttunni.
- Það er ekki dómbær á.
- Þetta er enn bjánalegri spurning.



Sp. 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

	Fjöldi	%
Mjög framsýna (5)	19	2,8
Fremur framsýna (4)	135	20,0
Í meðallagi framsýna (3)	347	51,6
Ekki framsýna (2)	133	19,7
Alls ekki framsýna (1)	39	5,9
Gild svör	673	100,0
Gildir svarendur	673	78,9
Svöruðu ekki	180	21,1
Heildarfjöldi	852	100,0




Meðaltal	2,94
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,07
Staðalfrávik	0,86



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög framsýna“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Alls ekki framsýna“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjómumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgrár.



Ekki er marktækur munur á meðaltali milli 2016 og 2017 skv. t-prófi.

FRAMSÝNI VEGAGERÐARINNAR



Sp. 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

	Gild svör		Í meðallagi		Ekki framsýna	Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	Framsýna %	%	%		
Allir	673	22,9	51,6	25,6	2,94	-0,07
Kyn						
Karl	373	25,7	48,8	25,5	2,98	-0,05
Kona	300	19,3	55,0	25,7	2,90	-0,08
Aldur						
18-29 ára	151	23,8	55,6	20,5	3,00	0,08
30-39 ára	118	15,3	55,9	28,8	2,86	-0,13
40-49 ára	125	17,6	54,4	28,0	2,83	-0,14
50-59 ára	131	22,9	50,4	26,7	2,94	-0,03
60 ára og eldri	147	32,7	42,9	24,5	3,05	-0,13
Búseta						
Reykjavík	250	23,2	54,8	22,0	3,00	-0,04
Nágr.sveitarfélög Rvk.	171	21,6	55,6	22,8	2,93	-0,10
Önnur sveitarfélög	252	23,4	45,6	31,0	2,89	-0,06
Kjördæmi						
Reykjavík-Norður	130	26,2	50,8	23,1	3,03	0,06
Reykjavík-Suður	121	19,8	59,5	20,7	2,97	-0,16
Suðvestur	171	21,6	55,6	22,8	2,93	-0,10
Norðvestur	64	20,3	43,8	35,9	2,78	-0,15
Norðaustur	96	31,3	44,8	24,0	3,06	0,07
Suður	91	17,6	47,3	35,2	2,78	-0,13

Ekki var marktækur munur á milli hópa.



Sp. 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

	Gild svör	Framsýna	Í meðallagi	Ekki framsýna		Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%		
Allir	673	22,9	51,6	25,6	2,94	-0,07
Fjölskyldutekjur						
Lægri en 400 þúsund	132	20,5	53,0	26,5	2,86	-0,13
400-549 þúsund	92	32,6	43,5	23,9	3,10	0,12
550-799 þúsund	118	22,0	49,2	28,8	2,91	-0,03
800 þúsund eða hærra	250	23,2	52,0	24,8	2,97	-0,06
Menntun						
Grunnskólapróf	111	25,2	49,5	25,2	2,98	-0,04
Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun	250	23,6	50,0	26,4	2,94	0,02
Háskólapróf	288	21,9	52,4	25,7	2,93	-0,14
Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?*						
Jákvæð(ur)	255	40,4	51,8	7,8	3,38	0,08
Í meðallagi	279	14,7	60,6	24,7	2,89	0,10
Neikvæð(ur)	137	5,8	33,6	60,6	2,24	-0,11

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).



Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

Þeir sem sögðu vegagerðina vera alls ekki framsýna, ekki framsýna, í meðallagi framsýna og fremur framsýna (sp. 19) fengu þessa spurningu.

BETRI FORGANGSRÖÐUN/HORFA TIL FRAMTÍÐAR

Alls ekki framsýna

- Að hugsa 20 ár fram í tímann að minnsta kosti í hverju verkefni. Það vantar algjörlega hér á landi! Mjög mikil þröngsýni í gangi.
- Fá nýtt og hugsandi fólk í brúnna.
- Gera langtímaáætlanir og upplýsa um þær. Nota gæða hráefni sem endast, breikka þá þjóðvegi sem verið er að betrubæta hverju sinni.
- Hætta að framkvæma fyrir morgundaginn og í staðin framkvæma til næstu 20 ára.

Ekki framsýna

- Fara að hugsa fram á veginn.
- Framkvæma til frambúðar, ekki stanslaust að setja smá bætur og slökkva elda.
- Gera betri langtímaplön.
- Gera framtíðaráætlanir.
- Hafa meiri framtíðarsýn.
- Huga að öðrum samgöngumátum en bara bílum, hugsa til langs tíma við val á efni til vegagerðar.
- Huga framkvæmdir til lengri tíma. Hætta að vera með eilífar reddingar.
- Láta af skammtímahugsun og mannvirkjagerð miðist lengra fram í tímann.
- Skipulag vegna umferðarþunga innan höfuðborgarsvæði síns.
- Skoða heildarmyndina í veg framkvæmdum, ekki bara viðgerðir á smábútum.
- Stundum unnið af skamsýni sem gæti tengst fjármögnun. Stundum valdar ódýrari leiðir í framkvæmdum, ekki hugsað fram í tíma.
- Vegagerðin þyrfti að breyta því hvernig tekið er á vandamálum. Þ.e.a.s. ekki bara breiðast við vandamálum sem upp eru komin. Reyna að sjá fyrir vandamál sem eiga eftir að verða til. Og ekki gera alltaf það sem ódýrast er og haga lausnum bara til skamms tíma. Ekki gera við sama gamla malarveginn mörgum sinnum á ári þegar væri ennilega hentugra að malbika.
- Vera í takt við þróun, t.d. gera fyrir ráð fyrir raðbílum og sjálfkeyrandi bílum. Áhersa á stórar stofnbrautir s.s. Sundabraut og að tvöfalda vesturlandsveg frá Hvalfirði á Mosfellsbæ, ekki aðeins 2 plús 1. Mjög mikil aukning umferðar!

Í meðallagi framsýna

- Endurbætur á mannskap.
- Gera áætlanir sem eru raunhæfar og sýna bæði ávinningi og kostnaði og færð/umferða rávinning.
- Gera meira ráð fyrir því að ökutækjum fjölgi en að laga ekki alltaf veg framkvæmdir að þörfum dagsins í dag. Að fara að horfa til ódýrari einingalausna til að mynda með mislæga tnamót, en ekki vera alltaf að leyfa einhverjum rándýrum hönnuðum og arkitektum að hafa milljónir af skattgreiðendum til að þeir fái að reisa sé minnisvarða um eigið ágæti. Vísa ég hér með til lausna á slíku í Bandaríkjunum þar sem að byggð eru mörg mislæga tnamót með sömu hugmyndinni og úr sömu einingunum. Þetta hlýtur að vera ódýrara og spara stórfé.
- Gera ráð fyrir að settar verði upp rafhleðslustöðvar með reglulegu millibili í framtíðinni og að áhersla á hjólastíga muni aukast.
- Komast í nútíma og hugsa til framtíðar.
- Leita í nývinnubrögð en ekki gömul.
- Skapa framtíðarsýn.
- Skoða hvernig skipulag er á umferð og vegmannvirkjum erlendis og stefna á svið þér. T.d. með reglulegum útskotum á þjóðveginum og fleira.
- Spá um samgöngur fram í tímann og draga ályktanir um hvað væri gott að gera og setja það fram fyrir sjónir almennings.
- Vera með metnaðarfulla framsýn á öllum vegum landsins.
- Það þarf að vera ljósara hvernig framkvæmdum er forgangsraðað. Vegagerðin þarf að fá það hlutverk í auknum mæli og taka frá stjórnmálamönnum.
- Hagræða vinnu eftir umferð.

Fremur framsýna

- Auka langtímaskipulag og kynna fyrir rhuð verkefni á heimasíðu.
- Auka skipulag vegakerfisins fram í tímann.
- Bæta áætlanagerð til lengri framtíðar.
- Gera ita rlegri langtímaáætlanir og fá úthlutað fjármagni til langtíma, a.m.k. 10 ára.
- Geta gert raunhæfari langtíma plön. Þau eru þó oft unninn jafnóðum af pólitíkum.
- Huga til framtíðar, þarf hjólastíga á þjóðvegi? Og annað í þeim dúr.
- Lengri vegakaflar teknir í einu, jafnvel þó þeir yrðu færri. Flutningur tækja á staðinn kostar það sama hvort sem leggja á 2 km eða 20 km.
- Þó ég búi út á landi er bara sanngjarnt að leggja mestu peningana í þar sem fólk er flest og þessi hryllilegu dauðaslys.



Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

AUKIN FRJÁRFRAMLÖG

Ekki framsýna

- Auka fjárhagfyrirtækisins og hringja út til almennings og biðja um styrki til vega framkvæmda til þess að klára að malbika Hringveginn og þá sérstaklega laga allar götur á Höfuðborgarsvæðinu fyrst það er aldrei nægur peningur til í Ríkissjóði til þess að styrkja Vegagerðina nógu mikið á rlega.
- Breikka vegi, bæta stýringu á ljósum til að bæta flæði umferðar.
- Fá aukið fjármagn.
- Fá fjármagn af sköttum ekki veggjöldum!
- Helst með því að fá meira fé til að laga vegi bæði þéttbýlis og dreifbýlis. Breikka vegi þar sem þörfin er mest, hætta með einbreiðar brýr a lveg og jafnvel lýsa betur upp vegi. Allt sem gera þarf til að minnka slyshættu.

Í meðallagi framsýna

- Aukið fjármagn.
- Fá aukið fjármagn frá ríki.
- Fá meira fé hjá ríkinu. Ekkert er hægt að gera án peninga.
- Fá meira fjármagn.
- Fá meira fjármagn - helst allt sem að kemur af bensín- og olíugjaldi.
- Fá meira fjármagn til að viðhalda vegum og bæta vegakerfið.
- Fá meira framkvæmdafé.
- Fá meiri framlög á fjárlögum.
- Hafna meira fjármagn til að geta unnið vel og vandragnislega. Ekki velja ódýrustu lausnirnar sem stundum eru þær hættulegustu s.b. víra vegriðin sem eru morðtöl fyrir vélhjólafólk.
- Hún þyrfti að fá mun meira fjármagn frá ríkinu.
- Kannski er hún framsýnen fær ekki fjármagn til að fylgja því eftir.
- Krefjast meira fjármagns til framkvæmda.
- Meira fjármagn, klára tvöföldun Reykjavík-Selfoss, Reykjavík- Borgarnes (mínus Hvalfjarðargöng kannski) og Reykjavík- Keflavík. Leggja meiri áherslu á bílaleig og upplýsingar til erlendra ökumanna, sem eru bæði í hvað mestri lífshættu og skapa hana.
- Vegagerðin þyrfti að fá meiri pening svo hún geti veði betri eða framsýnni.
- Vegagerðin þyrfti miklu meira fjármagn frá stjórnvöldum.

- Þeir þurfa meira fjármagn.
- Ætli þeir þurfi bara ekki meira fjármagn?
- Öruglega að fá meira fjármagn.
- Þeir verða að leggja fram drög að verkefni til Alþingis um hvað þarf að laga og og hvað það kostar. Þeim vantar áráðni til að, liggur mér við að segja, betla pening sem er svo sorglegt.

Fremur framsýna

- Auka langtímaskipulag og kynna fyrir huguð verkefni á heimasíðu.
- Auka fjármagn til vegamála.
- Aukið fjármagn.
- Betri pólitík - meira fé til veg framkvæmda.
- Fá langtíma fjármögnun sem hún getur treyst á.
- Fá meiri pening.
- Fá meiri pening frá ríkinu svo hún geti staðið við skuldbindingar um að laga vegi um land allt.
- Hún þyrfti meira fjármagn.
- Hærri fjárfveitingar.
- Með auknu fjármagni er hægt að framkvæma.
- Með meira fjármagni.
- Tækist betur með meira fjármagni.
- Þegar peninga skortir er erfitt að svara frá múr.
- Þeir þurfa meiri peninga til þess.

VANDADRI VINNUBRÖGD/BETRA SKIPULAG

Alls ekki framsýna

- Klára verk frá a-ö ekki gera þu í á föngum á löngum tíma.
- Sinna eðlilegu viðhaldi.
- Skipta út stjórn.
- Skipta út toppunum sem eru staðnaðir og ráða yngri vel menntaða menn í staðinn.
- Taki sig á í umhverfismálum, spilli ekki náttúrugæðum að óþörfu.



Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

VANDAÐRI VINNUBRÖGD/BETRA SKIPULAG FRH

Ekki framsýna

- Á meðan hún er alls staðar á eftir með framkvæmdir getur hún ekki orðið framsýnn. Stundum mætti ætla að þeir sem stýra málum færu aldrei út á þjóðvegina.
- Betra malbik.
- Framkvæma meira í vegamálum, ekki alltaf að geyma verkefni þangað til allt er komið í óefni. Samanber nýja brú á Ölfusá ofan við Selfoss. Ætla okkur að búa við þetta ófremdarástand í 9 ár í viðbót. Nýja brú og byrja á henni strax.
- Gera betur í því að byggja upp vegina í landinu. Sérstaklega þjóðveg 1.
- Hlúa betur að viðhaldi og hugsa betur um tvöföldun vegna þar sem umferð er hvað mest.
- Hætta að gera mistök eins og með Landeyjarhöfn.
- Klára að malbika hringvegin.
- Koma sér að verki og framkvæma.
- Meðskilvirkni í vegagerð og viðhaldi, sem er orðið úrelt og vinna betur þau efni sem eru notuð. Betri uppbyggingu með hliðsjón af ódýrara viðhaldi veganna. Það er ekki nóg að setja alltaf veghefil á malarvegi, þegar ekki er neitt eftir af yfirlagi og vegur ber ekki lengur umferðina, vegna skorts í uppbyggingunni.
- Miða framkvæmdir við umferðarþunga og t.d. bæta vegi eins og leiðina að Gullfossi og Geysi í samræmi við umferð þangað.
- Nota endingarmeira efni og vera skipulagðari.
- Ráðast í viðhald vegna áður en þeir verða ónýtir.
- Setja sig í spor fólks úti á landi í stað þessa að setja við skrifborð í þéttbýliskjönum og horfa ekki út fyrir brúnina.
- Sýna á huga.
- Skerpa á herslunar og hætta hönnun vegamannvirkja.

Í meðallagi framsýna

- Gera alla vegi tipp topp og svo að halda þeim vel við.
- Gera vegaaætlun sýnilegri fyrir fólk með byr á viðkomandi svæði og ákveða hvað á að gera og hvenær. Ekki nota tækifærið ef einhver er á móti framkvæmdum að gera ekki neitt
- Hvetja fólk til að senda inn ábendingar og góðar hugmyndir, hver á sínu svæði, bæði hvað varðar umferðamerkingar sem hugsanlega tillögur að breytingum sem gætu liðkað til með umferðina.

- Með betri upplýsingum.
- Með því að standa við þær áætlanir sem gerðar hafa verið.
- Setja markmið skýra fram um uppbyggingu vegakerfisins.
- Setja sér markmið um öryggi vegna og kynna það.
- Standa við framkvæmdir.
- Taka betra tillit til mats á umhverfisáhrifum t.d. með því að greina fleiri valkosti.
- Vera opnari útávið.
- Vinna sjálfstætt.

Fremur framsýna

- Einbeita sér betur að því að vera umhverfisvæn.
- Geyma ekki allt til haustdaga eins og mér sýnist.
- Laga sig betur að aðstæðum, ekki að lenda í stríði við heimamenn.
- Nota betri efni - sterkari.
- Raunsæi í áætlunum.

BREYTINGAR Á VEGUM EÐA VEGKERFUM

Alls ekki framsýna

- Byggja nýja vegi til framtíðar, t.d. tvöfalt í báðar áttir, ekki bara 1 og 2.
- Bætta öryggi umferðinni með betra gatnakerfi er merki um framsýni.
- Gera vegi landsins að gengilegri (breikka vegi á fleggja einbreiðar brýr og fleira í þeim dúr).
- Auka öryggið með tvöföldun vegna þar sem mikil umferð fer um.
- Betri vegi og betra efni í malbikið.
- Byggja vegi sem endast t.d. að nota ekki ottodekk. Heldur malbika.

Ekki framsýna

- Bæta vegi landsins og tvöfalda stóran hluta þjóðvegsins. Annað er rugl og engin framsýni í því.
- Laga helstu þjóðvegi landsins og breikka. Draga úr jaðrgangnagerð á landshornum. Verðum að auka öryggi á helstu þjóðvegum.
- Laga helvítis samgöngur milli Vestmannaeyja og Landeyjar.
- Leggja á ráðin um tvöföldun vegna t.d. um Kjalarnes.



Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

BREYTINGARÁ VEGUM EÐA VEGKERFUM FRH

- Leggja drög að tvöföldun allra þjóðvega landsins og auðvela og tryggja enn frekar öryggi vegfarenda. Eins má a lveg huga að útivistarfólki og blessuðu hjólreiðamönnum sem eru að verða stærsta ógn þjóðveganna og tryggja þeim hjólreiðastíga sem ætlaðir eru þeim.
- T.d. að gera nýja vegi á fjölförnum slóðum tvíbreiða þó það kosti aðeins meira í það skiptið.
- Vegaskilti á ensku.

Í meðallagi framsýna

- Hafa vegina breiðari t.d. fáránlegt að hafa þessa 2 + 1 framkvæmd á vegum s.s. á Suðurlandsvegi því að það býður upp á mikinn kappakstur þegar vegur þrengist og breiðar á hvað. Hins vegar er það ekki Vegagerðinni sem slíkri að kenna heldur þeim sem skipuleggur slíkt.
- Hefði t.d. átt að byggja nýja Morsárbrú fyrir neðan Skeiðarbrú en ekki ofan svo þær taki ekki báðar af í næsta jökulhlaupi.
- Mætti breikka vegi og gera fleiri akreinar.
- Tvöfalda aðalvegi út frá borginni.
- Tvöfalda hringveginn.
- Taka upp vegatolla.
- Betri götur í bænum.

FÁ SÉRFRÆÐINGA Í AÐ META ÞÖRF/EKKI HLUSTA Á PÓLÍTÍKUSA

Alls ekki framsýna

- Hlusta á mannvitsbrekkuna Ásmund Friðrikssonalpm.
- Vinna eftir bestu þekkingu og nota þá tækni sem notuð er erlendis, hætta að nota gamlar úrelðar aðferðir eins og að láta umferðina troða olíumölinu niður, algjörlega óþjóðandi aðferðir.

Ekki framsýna

- Tala við fólk í sveitahéruðum þar sem vegar framkvæmdir eru fyrir hugar og fá álit þeirra sem nota vegina.
- Ráða betri fagmenn.
- Ráða fólk með viti og ekki sýrja fráfróðan almenning.

- Fara til útlanda og sjá hvernig aðrir vinna.
- Kynna sér uppbyggingu vega t.d. í Þýskalandi.

Í meðallagi framsýna

- Hlusta á heimamenn.
- Hlusta á þá sem búa á hverju svæði fyrir sig, þeir vita hvar best er að leggja nýja vegi. Ath að ný útskrifaður verkfræðingur er ekki endilega með bestu vitneskjuna um hvernig framhvæma á verkið - gömlu kallarnir vita sínu viti.
- Komast undan Alþingismönnum.
- Rjúfa hagsmunatengsl og pólitískt pot.
- Nýta samfélagsmiðla.
- Bara á þessum vegagerð erlendis.
- Taka norske turistveier til fyrirmyndar í að skapa staði með verðmæti.

Fremur framsýna

- Hafa meira samráð við íbúa á svæðum sem verið er að vinna á og hlusta á þeirra viðhorf.
- Hlusta á fólk.
- Láta ekki pólitíkusa ráða um framkvæmdir.
- Vegagerðin getur litlu breytt, það er helst að hún þyrfti að geta verið minna háð pólitískum hrossakaupum ríkisstjórnarinnar hverju sinni með forgangsroðun verkefna, en það er auðvið að lítið sem Vegagerðin sjálf getur gert í því.
- Vegagerðin ræður litlu um það, stjórnvöld eru sífellt að vaðast í málum tengdum vegagerð, það kallast kjördæmapot, það mun aldrei breytast. Vegagerðin er föst þar sem hún er, haldið bara áfram að gera ykkar besta.
- Samband við fólk í landinu.

BREGÐAST VIÐ FJÖLGUN FERÐAMANNA

Alls ekki framsýna

- Vera í takt við samfélagið, fólksfjölgun, ferðamannafjölgun o.þ.h.
- Taka ferðapjónustuna með í reikninginn t.d. á vetrartíma. Moka til helstu áfangastaða þegar er snjór.
- Meira samráð við vegfarendur; sérstaklega á tvinnubílstjóra og ferðapjónustuna.



Sp. 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

BREGÐAST VIÐ FJÖLGUN FERÐAMANNA FRH

Ekki framsýna

- Huga að fjölgun ferðamanna, breytttri umferðarmeningu tengda henni og ástandi vegna vegna fjölda bíla sem fara um þá.
- Taka mið af stóru auknum ferða mannastraumi með meðfylgjandi umferðarþunga sem og minni sjóflutningum með tilheyrandi þungaflutningum á þjóðvegum sem bera ekki það álag.

Fremur framsýna

- Vegagerðin hefur ekki brugðist nægilega vel við auknum ferða mannaströum.

ANNAÐ

- Veit ekki (17).
- Allt annað viðhorf gangnvarrt samgöngum. Hvað felst í samgöngum?
- Enginn.
- Ég myndi vilja taka samgönguáætlun úr höndum Alþingis og að Vegagerðin fengi tekjustofna, til dæmis álgur á bensín og sölu bifreiða. Samhliða því væri Vegagerðin á fjárlögum og fengi frjálssar hendur til þess að bregðast sjálf við.
- Gera breiða right veginum og hafa afmarkaða hjólréiðabraut meðfram þjóðvegum.
- Hef grun um að framsýni Vegagerðarinnar sé svolítið háð fjárveitingum.
- Hefði viljað merkja við veit ekki.
- Hugsastórt.
- Hugsastórt.
- Hún þyrfti ekki að breyta því.
- Hysja upp um sigbrækurnar.
- Hærra kaup.
- Lausnirnar eru oft úreltar þegar þær loksins koma.
- Mín upplifun er að Vegagerðin fari í verkefni sem þarf að gera hverju sinni. Það er að slökkva elda sem koma upp í stað þess að vera með langtímamarkmið.
- Naflaskoðun.
- Nýjar leiðir t.d. Í skipahönnun.
- Vanta svarmöguleika. Í meðallagi er hlutlausasta svarið sem ég gat valið.
- Vegagerðin er mjög lokuð grúbba breyta því.

- Það er nú efni í heila bók.
- Það er undir stjórnvöldum komið.
- Það þyrfti frekar að breyta sýn borgarstjórnarmanna.
- Þyrftu að vita hversu mikið fé þeir fá til langs tíma.